

Lokaskýrsla og umbótaáætlun í kjölfar innra mats Árbæjarskóla skólaárið 2025-2026

Í þessari skýrslu er að finna upplýsingar um hvernig innra mat skólans var unnið skólaárið 2025-2026. Í lok hennar er sett fram umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2026-2027 sem unnin er út frá fyrrgreindu innra mati.

Drög að fimm ára matsáætlun fyrir Árbæjarskóla var lögð fram haustið 2025. Áætlunin var fullunnin á skólaárinu og er birt á vefsíðu skólans undir heitinu „Áætlun um innra mat Árbæjarskóla, 2026-2031. Þó svo að áætlunin sé sett fram til 5 ára er um „lifandi plagg“ að ræða og verður hún yfirfarin árlega á sama hátt og starfsáætlun skólans.

Í ár var vinnunni við sjálfsmatið stýrt af skólastjóra og þróunarhópi. Lögð var áhersla á að virkja starfsfólk skólans og nemendur, eftir því sem við átti. Í þróunarhópi skólans sitja stjórnendur, fulltrúar allra skólastiga, list- og verkgreina og íþróttar.

Þegar horft er til framkvæmdar innra mats skólaárið 25-26 þá gekk margt vel en eitthvað hefði mátt betur fara. Starfsfólk var virkjað í að meta skólastarfið, skv. matsviðmiðum MMS, en einnig að meta niðurstöður s.s. úr Skólupúlsinum, starfsmannakönnun, foreldrakönnun o.fl. Niðurstöður þessara kannana voru kynntar og ræddar á fundum í skólanum, svo sem árgangafundum, kennarafundum, starfsmannafundum og fundum í skólaráði. Vert er að geta þess að á slíkum fundum eru fagleg mál iðulega rædd s.s. áherslur í kennslu, kennsluaðferðir, útfærsla á aðalnámskrá o.fl. Slík umræða fellur tvímælalaust undir þróunarstarf og mat á skólastarfi. Ekki er gerð grein fyrir slíkri vinnu í þessari matsskýrslu nema að litlu leyti.

Hér fyrir aftan er að finna langtímaáætlun um innra mat (gul), matsáætlun skólans fyrir árið 2025-2026 (rauð) og upplýsingar um skimanir stoðþjónustu (fjólublátt). Í lokin er tekin saman umbótaáætlun út frá mati ársins (blá). Umbótaáætlunin kemur til framkvæmda skólaárið 2026-2027

Efnisyfirlit:

Langtímaáætlun	bls. 2
Matsáætlun Árbæjarskóla fyrir skólaárið 2025-2026	bls. 4
Skimanir stoðþjónustu	bls. 12
Umbótaáætlun	bls. 14

LANGTÍMAÁÆTLUN.

Langtímaáætlunin er unnin í samvinnu við skóla- og frístundasvið borgarinnar. Þessa þætti ásamt öðrum er að finna í matsáætlun skólans en sú áætlun er ítarlegri og tekur til fleiri þátta (sjá nánar hér fyrir aftan).

Námsárangur nemenda	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Lesfímipróf 1- 10.b	X	X	X	X	X
Matsferill	X	X	X	X	X
Lesskimun 1. bekkur	X	X	X	X	X
Orðarún 3. - 8. bekkur	X	X	X	X	X
Lesmál 2.bekkur	X	X	X	X	X
Viðhorf og líðan	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Íslenska æskulýðsrannsóknin, viðhorfskönnun nemenda	X		X		X
Rannsókn og greining, viðhorfskönnun nemenda		X		X	
Skólapúlsinn, viðhorfskönnun nemenda	X	X	X	X	X
Starfsmannakönnun	X	X	X	X	X
Viðhorfskönnun foreldra	X		X		X
Gæðaviðmið Menntamálaráðuneytis					
Stjórnun og fagleg forysta	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
1.1 Samvirkni í stefnumótun			X		

1.2 Faglegt samstarf og samræða		X			
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu				X	
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga			X		
1.5 "Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir"				X	
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting					X
1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsfólks					X
Nám og kennsla	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
2.1 Inntak og námskrá		X			
2.2 Árangur náms	X				
2.3 Gæði kennslu	X				
2.4 Skipulag náms				X	
2.5 Námsvitund					X
2.6 Ábyrg og þátttaka			X		
Innra mat (þróunarhópur og matsteymi meta þennan þátt)	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
3.1 Skipulag	X		X		X
3.2 Framkvæmd		X		X	
3.3 Umbætur		X		X	

Matsáætlun Árbæjarskóla fyrir skólaárið 2025-2026

Hér fyrir aftan er að finna hvernig matið var skipulag fyrir fyrrgreint skólaár. Flest gekk mjög vel en annað hefði mátt ganga betur. Skólastjóri bar hita og þunga af matinu þetta ár þar sem forföll urðu í matsteyminu. Skólastjóri stýrði matinu en þróunarhópur skólans tók virkan þátt í því og lagði línur með skólastjóra og öðrum stjórnendum skólans. Grænt merki ✓ lengst til hægri þýðir að matið hafi verið framkvæmt, segir ekki til um hvort markmiðum hafi verið náð.

Áætlun fyrir haustönn					
Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Hvenær (tímarammi)	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Starfsáætlun	Að hún uppfylli skilyrði sem SFS setur	Metin af fagstjóra á Austurmiðstöð	Október	GEP	Að hún uppfylli að öllu leyti skilyrði laga og reglugerða auk viðmiða Reykjavíkurborgar. ✓
Útgáfa kennslu-áætlana	Að þær uppfylli þau skilyrði sem skólinn setur (skv. aðalnámskrá grunnskóla, viðmiðum MMS og skv. menntastefnu Reykjavíkur)	Metin af stjórnendum Árbæjarskóla	September/október ár hvert	Stjórnendur Árbæjarskóla	Að kennsluáætlanir uppfylli skilyrðin. ✓
Lesferill	Að greina stöðu og framfarir nemenda í lestri til að geta brugðist við þörfum þeirra.	Greining á niðurstöðum úr skimunarprófinu Lesferli auk samtals við kennara nemendanna.	Október	Aðstoðarskólastjóri yngra stigs og læsisteymi	Að 95% nemenda hafi verið skimaðir. Greining niðurstaðna liggur fyrir og hefur verið yfirfarin af viðkomandi kennurum. Aðgerðaráætlun er í vinnslu fyrir þá nemendur sem þurfa sérstaka íhlutun. ✓
Lesskimun 1. bekkur	Markmiðið er að fylgjast með lestrarnámi barna. Prófið er lagt fyrir til að meta stafaþekkingu, hljóð-myndun, hraða og	Af kennurum 1. bekkjar. Prófið er í upphafi árs lagt fyrir alla nemendur	Október	Aðstoðarskólastjóri yngra stigs og læsisteymi	Að nemendur nái viðmiðum skólans í bókstafaþekkingu og seinna lesfimi. Auk þess sem hugað er að málsskilningi

	lesskilning. Markmiðið er að grípa snemma inn í ef nemendur eiga í erfiðleikum	en annars eftir þörfum og mati kennara.			nemenda (viðmið eru ekki til hvað varðar málskilning). 
Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Hvenær (tímarammi)	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Ánægja af lestri, ánægja með skólann og vellíðan í skóla	Að meta upplifun og líðan yngri nemenda til að geta gripið inn í tímanlega ef ástæða er til.	Skólapúlsinn lagður fyrir á haustönn í 2. – 5. bekk	Október	Stjórnendur og kennarar	Niðurstöður sýni að 80% nemenda lýsi yfir ánægju með skólann og vellíðan sína. Aðgerðaráætlun verði unnin fyrir þá þætti sem mælast lægst. 
Virgni nemenda, líðan og heilsa, skóla og bekkjarandi o.fl.	Að greina líðan, virkni og skólabrag til að varpa ljósi á þætti sem þarfnast úrbóta.	Leggja fyrir Skólapúlsinn 2x á ári í 6. – 10. bekk. Greining á niðurstöðum Skólapúlsins á nemendafundum, í skólaráði og á starfsmannafundum	Október og apríl	Stjórnendur, námsráðgjafar og kennara	90% nemenda í 6.-10. bekk svari könnuninni. Niðurstöður verði ræddar í öllum bekkjum og á starfsmannafundum. 
2.2 Árangur náms (skv. gæðaviðmiðum MMS) (haust 2025 og haust 2030)	Áhersla á að allir geti tekið framförum og markvisst er fylgst með árangri nemenda og brugðist við þörfum með það að markmiði að viðhalda góðum árangri	Með samtali kennara og annarra sem koma að kennslu í árgöngum og fagteymum. Hvað gengur vel og hvað má bæta.	Nóvember	Þróunarhópur, matsteymi og skólastjóri	Þar sem um fyrsta mat á þessum þætti er að ræða gerum við raunhæfar kröfur en vonumst til að hlutfallslega flestir þættir mælist í B. Í framtíðaráætlun verður mælt til þess að allir þættir séu í A eða B. Gerð verður áætlun um viðbrögð við því sem þarf að bæta. 

Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Hvenær (tímarammi)	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Samskiptadagar (ágúst, október og febrúar)	Að efla jákvæð samskipti og samstarf á milli heimilis og skóla.	Að halda upplýsingafundi fyrir foreldra í skólabyrjun. Bjóða foreldrum upp á einstaklingsviðtöl eftir þörfum. Prófa nemendastýrt viðtöl.	Ágúst, október og febrúar	Stjórnendur og kennarar	85% foreldra lýsa sig ánægð með samskiptadaga. Kynningar verði á þáttum sem foreldrar óska eftir eða koma ekki nógu vel út í könnunum. Samtöl fari fram um nám og líðan hvers nemanda. Niðurstöður sýna aukna ánægju foreldra með upplýsingagjöf og aðgengi að kennurum (markmið um 80% ánægju. <i>Samskiptadagarnir voru haldnir en könnun ekki lögð fyrir.</i> ✓)
Valgreinar (febrúar ár hvert)	Að tryggja að valgreinarnar uppfylli ákvæði Aðalnámskrár og mæti áhuga nemenda sé þess nokkur kostur.	Rætt á lýðræðisfundi nemenda í des./jan. ár hvert.	Desember / janúar	Aðstoðarskólastjóri unglingastigs, verkefnastjóri á unglingastigi, fulltrúar unglingakennara í þróunarhópi.	Markmiðið er að valgreinar mæti áhuga og þörfum nemenda og hægt sé að bjóða upp á þær. <i>Lýðræðisfundir voru ekki haldnir í ár vegna okkar mistaka, en rætt var um valgreinar á fundum kennara með nemendum.</i> ✓
Allir nemendur okkar nemendur	Að efla samstarf alls starfsfólks um velferð og nám allra nemenda, sérstaklega þeirra sem eru í meiri stuðningsþörf.	Skráning og umræður um samstarf í fagteymum/árgöngum.	Október-Desember	Skólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu, þroskaþjálfar og sérkennarar	Samantekt um samstarf sem sýnir aukna samfellu í stuðningi milli starfsmanna stoðþjónustu. ✓

Áætlun fyrir vorönn					
Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Hvenær (tímarammi)	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Lesferill (janúar og maí ár hvert)	Að fylgjast með framförum nemenda í lestri og meta áhrif þeirrar íhlutunar sem beitt var á haustönn.	Endurtekinn Lesferill og samanburður á niðurstöðum yfir skólaárið.	Janúar og maí	Aðstoðarskólastjóri yngra stigs og læsisteymið	Allir nemendur í markhópnum sýna framfarir á lestrarsviði milli mælinga. Skólinn nær að jafnaði landsmeðaltali í lestri. 
Orðarún lögð fyrir í 3. – 8. bekk (árlega)	Orðarún er staðlað les-skilningspróf sem hannað er til að meta lesskilning nemenda. Prófið metur fjórar mismunandi tegundir lesskilnings: Staðreyndir: Grunnupp-lýsingar úr textanum Orðskýringar: Skilningur á orðum og hugtökum Ályktanir: Ályktanir og túlkun á textanum Meginefni: Skilningur á aðalinnihaldi textans	Metið af kennurum viðkomandi árgangs og íslenskukennurum í 8. bekk.	Janúar ár hvert	Aðstoðarskóla-stjórar	Að allir nemendur sýni framfarir í lesskilningi á milli mælinga. Að unnið sé sérstaklega með lesskilning hjá þeim sem eru undir viðmiðum skólans. Óvíst hvort Orðarún hafi verið lögð fyrir alla þessa árganga.
Skólaráðsfundur þar sem áhersla er á það sem nemendur vilja ræða	Að þau fái formlegan vettvang til að tjá sig þar sem fjölbreyttum hópur fulltrúa kemur að.	Skráning á umræðu-efnum og ákvörðunum sem teknar eru byggðar á tillögum nemenda	Janúar	Skólastjóri og aðstoðarskóla-stjórar	Að minnsta kosti tvær tillögur nemenda verði framkvæmdar og að niðurstöðum verði miðlað til skólasamfélagsins. Því miður mættu nemendur ekki til fundarins, þrátt fyrir ítrekuð fundarboð en

(janúar ár hvert)					stjórnendur kölluðu forsvarsmenn þeirra til sín seinna. ✓
Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Hvenær (tímarammi)	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Starfsmannasamtöl (vorönn ár hvert)	Að veita starfsmönnum markvissa endurgjöf á frammistöðu og setja markmið fyrir næsta skólaár.	Tengt við mat á gæðum kennslu	janúar - mars	Stjórnendur	100% starfsmanna hafa farið í starfsmannasamtal og fengið endurgjöf og sett sér fagleg markmið. Örfá samtöl bíða haustsins. ✓
Foreldrasamstarf	Að styrkja samstarf og samræðu við foreldra um nám og líðan barna þeirra. Að skapa sterkt foreldrasamfélag og mynda svokallað „þorp utan um börnin“ þar sem foreldrar standa saman.	Áhersla verður á gerð farsældarsáttmála í árgöngum. Árið 2026-2027 verði gerðir samningar í 1. – 7. bekk og 2028-2029 verði hafin vinna við gerð sáttmála í 8. – 10. bekk	Haust 2026 og árlega þaðan í frá. Staða tekin á hverri vorönn fyrir næsta ár.	Aðstoðarskóla- stjórar, kennarar og foreldrafélag	Að farsældarsáttmálar verði innleiddir í alla árganga á tveimur árum. Þetta verkefni hófst með fundum í þremur árgöngum en innleiðingu verður haldið áfram næstu tvö árin. ✓
Lesmál lagt fyrir 2. bekk (mars ár hvert)	Prófið metur lestur, lesskilning og réttritun hjá nemendum í 2. bekk. Prófið metur fjóra þætti lesturs eins og umskráningu og lesskilning ásamt því að meta færni í réttritun og leshraða (lesfimi). Prófið skiptist í átta undirþætti	Prófið er lagt fyrir nemendur í 2. Bekk og umsjónarkennarar skrá niðurstöður prófuninnar á þar til gerð eyðublað. Görnin eru síðan sendar til SFS sem fer yfir og sendir niðurstöður til skólans. .	Apríl	Aðstoðarskólalastjóri yngra stigs	Að 65% nemenda nái aldurssvarandi færni í lestri (61-100% árangur) og mjög fáir nemendur (innan við 5%) þurfi einstaklingsbundna áætlun. Niðurstöður komu sumarið 2026 og 83% nemenda náðu aldurssvarandi viðmiði og einungis 3% þurfa einstaklingsáætlun. Frábær árangur. ✓

Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Hvenær (tímarammi)	Ábyrgð	Viðmið um árangur
2.3 Gæði kennslu (skv. gæðaviðmiðum MMS) (vor 2026 og 2031)	Að skoða hvort viðfangs- efni og kennslustundir séu vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Kennsluhættir séu fjöl- breyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og margbreytilegum þörfum allra nemenda. Námsmatsaðferðir séu fjölbreyttar og markvisst sé fylgst með framförum sérhvers nemanda.	Af kennurum. Með samtali í árgöngum og fagteymum. Hvað gengur vel og hvað má bæta. Úttekt á fjölbreytni í námsmatsaðferðum, leiðsagnarmati og lokamat (og vitnisburði, metið út frá matsviðmiðum).	Febrúar / mars	Þróunarhópur, matsteymi og skólastjóri	Allir þættir helst í A eða B Í 85% kennslustunda er nemendum gerð grein fyrir markmiðum kennslustundarinnar. 85% nemenda eru virkir í kennslustund- inni. - Nemendur eru virkir þátttakendur í eigin námi (kennari ekki ríkjandi). - samræður eru virkar og leiðandi í 70% kennslustunda. -Komið er til móts við ólíkar þarfir nemenda.
3.1 Skipulag innra mats (vor 2026, vor 2028 og vor 2030)	Innra mat er markmiðsbundinn og skipulagður hluti af skólastarfinu. Skólinn fylgir áætlunum um gæðamat, birtir viðmið sín og notar niðurstöður til að meta árangur og vinna að umbótum.	Þróunarhópur metur á fundi og kynnir niðurstöður fyrir starfsfólki.	Febrúar/mars	Þróunarhópur, matsteymi og skólastjóri	Að skólinn uppfylli viðmiðin sem sett eru af MMS, þannig að flestir þættir (a.m.k. 80%) séu í A, B eða framúrskarandi. .

Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Hvenær (tímarammi)	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Virgni nemenda, líðan og heilsa, skóla og bekkjarandi o.fl.	Að fylgjast með líðan nemenda og meta áhrif þeirra aðgerða sem gripið var til á haustönn.	Skólapúlsinn í 6. – 10. bekk. Greining á niðurstöðum á fundum	apríl/maí	Stjórnendur, námsráðgjafar og kennarar	Niðurstöður sýna framfarir í mikilvægum þáttum (líðan, skólabrag) miðað við haustkönnun. 
Starfsmannakönnun (Stofnun ársins, árlega á vorönn)	Að fá heildræna mynd af viðhorfi starfsmanna og vinnustaðarmenningu.	Greining á niðurstöðum og samanburður við fyrri kannanir.	Febrúar	Stjórnendur	Niðurstöður sýna 85% ánægju með vinnustaðinn og aðgerðaráætlun unnin fyrir þá þætti sem mælast lægst. 
Foreldrakönnun SFS (Lögd fyrir annað hvert ár 2026/2028/2030)	Að fá heildræna mynd af viðhorfi foreldra til skólastarfsins.	Greining á niðurstöðum könnunarinnar og samanburður.	Febrúar	Stjórnendur	Niðurstöður sýna að 85% foreldra eru ánægðir með skólastarfið og upplýsingagjöf. 
Íslenskar æskulýðsrannsóknir (Lögd fyrir annað hvert ár á vorönn)	Að greina hagi og líðan nemenda með sérstakri áherslu á nám, forvarnir og félagslega stöðu.	Greining á niðurstöðum og viðbragðsáætlun.	Febrúar	Skólastjórnendur, námsráðgjafar, forvarnarteymi og matsteymi	Niðurstöðum miðlað og starfið skipulagt út frá niðurstöðum.
Niðurstöður rekstrar	Að fara yfir fjárhagsstöðu og tryggja að fjármagn hafi verið nýtt í samræmi við áætlanir	Skýrsla fjármálastjóra kynnt fyrir skólaráði	Apríl/maí	Skólastjóri	Rekstur sé innan fjárhagsramma og engin frávik séu á mikilvægum liðum. Við höfum ekki verið með skýrslu en gert grein fyrir lokastöðu. 

Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Hvenær (tímarammi)	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Matsferill, íslenska (Lagður fyrir árlega í 4. – 10. bekk)	Að greina stöðu og árangur nemenda í íslensku miðað hæfniviðmið aðalnámskrár.	Með því að greina niðurstöður matsferils í íslensku.	Mars	Aðstoðarskólastjóri	Niðurstöður sýna að 80% nemenda ná settum viðmiðum í lykilmæni í íslensku. Aðgerðaáætlun verði gerð fyrir þá sem ekki ná viðmiðum. 
Matsferill, stærðfræði (Lagður fyrir árlega í 4. – 10. bekk)	Að skoða stöðu og árangur nemenda í stærðfræði miðað við hæfniviðmið aðalnámskrár	Með því að greina niðurstöður matsferils í stærðfræði.	Mars	Aðstoðarskólastjóri	Niðurstöður sýna að 80% nemenda ná settum viðmiðum í lykilmæni í stærðfræði. Aðgerðaáætlun verði gerð fyrir þá sem ekki ná viðmiðum. 
Uppfærð viðmið kennsluáætlana (yfirfarin árlega af þróunarhópi skólans)	Að tryggja að viðmið kennsluáætlana séu í samræmi við gildandi aðalnámskrá og niðurstöður innra mats.	Samþykkt af stjórnendum og kynnt kennurum.	Maí	Þróunarhópur og matsteymi	Að kennsluáætlanir uppfylli gæðaviðmið Árbæjarskóla sbr. gátlista. 
Samantekt matsteymis, gerð umbótaáætlunar (unnin í lok skólaárs)	Að draga saman niðurstöður annarinnar og setja fram skýra umbótaáætlun fyrir næsta ár	Skrifleg samantekt, kynning fyrir starfsfólki og skólaráði	Maí/júní	Matsteymi og skólastjóri	Samantekt er tilbúin og skýr umbótaáætlun hefur verið samþykkt. Þessi skýrsla hér verður birt í ágúst 2026

Skimanir stoðþjónustu:

Hér fyrir aftan er að finna hluta af þeim skimunum sem stoðþjónusta skólans heldur utan um. Rétt þótti að minna á að þessar skimanir eru gerðar árlega af fagfólki skólans. Þessu til viðbótar vinna t.d. talmeinafræðingar, sálfræðingur og aðrir ráðgjafar að fjölbreyttum skimunum og greiningum í samvinnu við skólann.

Aldur	Skimun	Áherslupættir	Framkvæmd og ábyrgð
1. bekkur	Lesferill og lesskimun fyrir 1. bekk	Lesfimi, hljóð-kerfisvitund, stafabekking og málskilningur	• Lesskimun fyrir 1. bekk. Lögð fyrir í október • Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu • Milli mála próf
2. bekkur	Lesferill Lesmál	Lesfimi og málskilningur	• Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Lesmál í apríl • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
3. bekkur	Lesferill og Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	• Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Orðarún í október og febrúar. • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
4. bekkur	Lesferill, Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	• Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Orðarún í október og febrúar. • Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu • Milli mála próf
5. bekkur	Lesferill og Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	• Lesferill tekinn í september, janúar og maí • Orðarún í október og febrúar.

			Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
6. bekkur	Lesferill og Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	- Lesferill tekinn í september, janúar og maí - Orðarún í október og febrúar. - Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
7. bekkur	Lesferill og Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	- Lesferill tekinn í september, janúar og maí - Orðarún í október og febrúar. - Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu - Milli mála próf
8. bekkur	Lesferill og Orðarún	Lesfimi og lesskilningur	- Lesferill tekinn í september, janúar og maí - Orðarún í október og febrúar. - Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu
9. bekkur	Lesferill	Lesfimi	- Lesferill tekinn í september, janúar og maí - Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu - Milli mála próf
10. bekkur	Lesferill	Lesfimi	- Lesferill tekinn í september, janúar og maí - Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu

UMBÓTAÁÆTLUN Árbæjarskóla fyrir skólaárið 2026-2027

Unnið út frá niðurstöðum innra mats skólans 2025-2026

Markmiðið með umbótaáætlun er að ná fram jákvæðum breytingum, laga það sem betur má fara og efla það sem vel er gert. Lögð er áhersla á að greina núverandi stöðu og skilgreina hvað verði gert til að ná þeim viðmiðum um árangur sem sett hafa verið. Góð umbótaáætlun er lykilatriði í **árangursríkri stjórnun breytinga**.

Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skólalúpsinn Niðurstöður fyrir 6-10. bekk	Að rifja upp niðurstöðu síðasta skólaárs. Könnunin kom sérstaklega vel út einna helst þarf að auka trú á eigin námsgetu hjá nemendum.	Að kennarar séu meðvitaðir um að finna jafnt og þétt leiðir að því að auka trú nemenda á eigin námsgetu.	Próunarhópur og skólastjóri	Sept. 2026	Apríl 2027	Með Skólalúpsinum	Að árangurinn í þessum þætti hækki markvisst skv. mælingum Skólalúpsins. Markmiðið er að nemendur hafi trú á sér og námsgetu sinni.
Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
2.2 Árangur náms (skv. gæðaviðmiðum) Fyrir liggur stefna um aðgerðir til að auka námsárangur nemenda.	Kennarar nefna að stefna Árbæjarskóla um aðgerðir hvað varðar betri náms-árangur nemenda sé ekki nægilega sýnileg bæði kennurum og nemendum,	Skólaárið 2026-2027 verða fleiri bekkir með færri nemendum á unglingastigi þannig að kennurum verður fjölgað í nánast öllum námsgreinum.	Aðstoðarskóla stjórar og deildarstjóri stoðþjónustu	Ágúst 2026	Júní 2027	Metið febrúar/mars hvernig til tókst og hvort áfram verður haldið með þetta fyrirkomulag.	Að kennarar séu sáttari og að nýtt skipulag, aukin þjónusta, hafi áhrif á árangur nemenda. Að Matsferill verði einnig notaður til að finna þann

	sem og bjargir eða hvað er gert ef nemandi nær ekki viðeigandi viðmiðum t.d. í stærðfræði.	Auk þessa stendur til að efla námsver á unglingastig þar sem fleiri nemendur geta fengið þjónustu. Stærðfræðikennari verður til staðar í námsverinu. Þar verður sérstaklega hugað að nemendum með flókinn námsvanda en reynt að koma til móts við sem flesta í minni námshópum. Bætt verður einnig í stoðþjónustu á yngsta og miðstigi og hugað að gerð skynörvunarherbegis fyrir 1. – 7. bekk og einhverja útfærslu á slíku fyrir nemendur í 8. – 10. bekk.				Sérkönnun verður gerð á nýtingu skynörvunarherbergja.	hóp nemenda sem þarf meiri námslegan stuðning skv. viðmiðum skólans. Viðmiðin verði skráð í starfsáætlun, í kaflann um stoðþjónustu og unnin í samvinnu við kennara.
Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
2.2. Árangur náms skv. gæðaviðmiðum Sá þáttur sem ákveðið var að vinna að var að efla lestrarhvöt	Kennarar nefna að bókasafnskennsla sé ekki til staðar. Bókasafn sé ekki nógu vel staðsett hvað varðar næði og vinnufrið. Einnig sé það of lítið miðað	Að virkja kennara í að óska eftir bókum sem þeir telja að henti þeirra nemendum. Skólinn er tilbúin að kaupa miklu meira af bókum (skv. óskum kennara) verði það	Aðstoðarskóla stjórar og þróunarhópur	Septemb er 2026	Lok skólaársins 2026-2027	Metið af þróunarhópi (sem hefur tengsl inn á öll skólastig)	Að meira hafi verið keypt af bókum fyrir nemendum (skv. óskum kennara). Að meira samstarf sé á milli kennara og

nemenda með eftirfarandi lykilhugtökum: aðgengi; fjölbreytt lesefni, aðstæður; að lesa daglega og umræður; tækifæri til að ræða lesefnið.	við fjölda nemenda í skólanum. Bókakostur er of takmarkaður og lítið úrval.	til þess að efla lestur nemenda hvar sem er í skólanum (ekki einungis á bókasafni). Kennarar verða einnig hvattir til að kenna nemendum á Ársafn, sem staðsett er í hverfinu. Kennarar verða einnig hvattir til að koma með hugmyndir að bókasafnsfræðslu og að vinna nánar með starfsmanni skóla-bókasafnsins.					starfsmanns bókasafnsins og að gerð verði áætlun um bókasafnsfræðslu fyrir hvert aldursstig.
Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útgáfa kennslu-áætlana og áætlana fyrir námstímabil	Kennarar hafa unnið vandaðar kennsluáætlanir fyrir eina til tvær annir í senn. Í ljósi innleiðingar endurskoðaðrar aðalnámskrár munu kennarar vinna náms-tímabilsáætlanir frá og með hausti 2026. Um verður að ræða allt að átta	Unnið verður form sem kennarar munu nota fyrir hvert námstímabil. Gert er ráð fyrir að það verði samræmt fyrir skólann. Hugað verði að gæðum kennslu við gerð formsins.	Stjórnendur Árbæjarskóla	Ágúst 2026	Þetta verður í þróun 26-27 og áfram eftir það.	Stjórnendur munu kalla eftir kennsluáætlunum og einnig námstímabils-áætlunum og yfirfara þær. Kennsluáætlanir verða birtar á vefsíðu skólans en Námstímabilsáætlanir verða vinnugögn kennara/annars fagsfólks og ekki ætluð til birtingar. Kennarar get þó valið að	Að kennsluáætlanir verði uppfærðar og aðlagðar á hverju ári. Að námstímabilsáætlunum verði skilað inn til aðstoðarskólustjóra og deildarstjóra stoðþjónustu reglulega, með jöfnu millibili.

	vikna námstímabils- áætlanir.					birta upplýsingar þaðan t.d. til foreldra.	
Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skólapúlsinn Niðurstöður fyrir 2.-5. bekk	Að rifja upp niðurstöðu síðasta skólaárs í upphafi skólaársins 2026-2027. Ánægja nemenda með skólann hefur lækkað sem og vellíðan í skólanum.	Að kennarar á yngsta og miðstigi vinni sérstaklega með vellíðan í skólanum en við teljum að það hafi einnig áhrif á ánægju með skólann. Að kennarar útfæri vinnu með þessa þætti á hverju skólastigi t.d. með bekkjar- fundum eða öðrum leiðum sem þeir telja vænlegar.	Þróunarhópur og aðstoðarskóla stjóri á yngra stigi	Sept. 2026	Apríl 2027	Með Skólapúlsinum á haustönn 2026 og haustönn 2027	Að árangurinn í þessum þætti hækki markvisst skv. mælingum Skólapúlsins. Markmiðið er að auka vellíðan nemenda í 2. – 5. bekk.
Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samskiptadagar	Að leggja niður skipulag samskiptadaga í upphafi skólaárs. Skólaþættingardagurinn: Hverjar verða áherslurnar, hverjir kynna á hverju aldurstigi? 1. Samskiptadagur: 2. Samskiptadagur: Hvenær verða	Kennarar og fagfólk þarf að ræða og taka ákvörðun um skipulag í samvinnu við stjórnendur.	Skólastjóri, aðstoðarskóla stjórar og deildarstjóri verkefna	Haust 2026	Haust 2026	Foreldrar svara spurningakönnun í lok hvers viðtals.	Að foreldrar og nemendur séu ánægðir ...

	„hefðbundin“ foreldravíðtöl og hvenær nemendastýrð og þá í hvaða árgöngum.						
Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gæði kennslu	Að koma betur til móts við bráðgera nemendur.	Að í námstímabilsáætlunum verði sérkaflar þar sem komið er til móts við bráðgera nemendur.	Stjórnendur	Sep. 26	Verður þróað eins lengi og þörf er á	Á árgangafundum í kjölfar námskeiðs.	Að kennarar upplifi að þeir geti komið til móts við bráðgera nemendur. Að það sé skipulagt áður en námstímabilin hefjast.
Gæði kennslu	Að koma betur til móts við nemendur með íslensku sem annað tungumál	Fá sérfræðinga á þessu sviði til að halda námskeið fyrir kennara. Hvernig er best að koma til móts við ÍSAT nemendur í almennum bekk.	Stjórnendur	Haut 26	Vor 28	Á árgangafundum í kjölfar námskeiðs.	Að kennarar upplifi að þeir geti komið til móts við nemendur með íslensku sem annað tungumál. Að það sé skipulagt áður en námstímabilin hefjast.
Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Starfsmannakönnun Könnunin kom almennt vel út.	Sá þáttur sem mældist lágur var hrós. Að hrósa þurfi meira innan skólans.	Að kennarafundir á föstu- dögum hefjist á því að teymi segi frá einhverju sem þau eru stoltir af í sínu starfi (5. – 7. mínútur). Verkefni sem lögð hafa verið fyrir, samskipti við foreldra sem	Aðstoðarskóla stjórnar, deildarstjórnar og skólastjóri	Ágúst 2026	Mai 2027	Hvort þetta hafi verið framkvæmt, sett á dagskrá og haldið út skólaárið.	Metið hvort hafi gengið eftir og hvort þessi þáttur hækki í næstu starfs- mannakönnun.

		ganga vel eða annað sem þau kjósa. Sama verði gert á starfsmannafundum.					
Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Foreldrakönnun	Að hækka þættina: Skólanum er vel stjórnað, skólastjórnendur eru til staðar og upplýsingaflæði er gott. Þessir þættir hafa lækkað í könnuninni.	Að stjórnendur sendi út fréttabréf til foreldra 3x fyrir júl og 3x eftir júl með sérkafla um stjórnun skólans.	Skólastjóri og aðstoðarskóla stjórnar	Sep.2026	Maí 2028	Í foreldrakönnun.	Að kanna hvort þessi aðgerð hafi áhrif á niðurstöðu foreldrakönnunarinnar.

Að lokum skal þess getið að í matsáætlun skólans stendur að draga skuli saman niðurstöður annarinnar og setja fram skýra umbótaáætlun og er það gert hér með. Þess skal þó getið að velja úr þætti til að setja í umbótaáætlun getur verið flókið en tíu mikilvægir þættir voru valdir á þessu ári. Að mun fleiri umbótaþáttum verður unnið í Árbæjarskóla á næsta ári þar sem stjórnendur og starfsfólk skólans leggja ríka áherslu á að þróa skólastarfið og umhverfið þess nemendum, foreldrum og starfsfólki til heilla. Sú vinna er ekki skráð með formlegum hætti.

Í Reykjavík, 24.júní 2026

Guðlaug Sturlaugsdóttir, skólastjóri
 Guðrún Erna Þórhallsdóttir, aðstoðarskólastjóri
 Þórhildur Þorbergsdóttir, aðstoðarskólastjóri
 Rannveig Þorvaldsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu